

## GJALDSKRÁ

### fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

#### 2. gr.

##### *Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseignenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug ≤ 150 mm	kr. 177.000
Heimtaug 151 – 200 mm	kr. 190.000
Heimtaug 201 til 250 mm	kr. 200.000

Gjöld vegna heimtauga > 250 mm eru reiknuð út hjá framkvæmda- og veitusviði Árborgar.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala desembermánaðar 2007, 377,7 stig.

#### 3. gr.

##### *Fráveitugjald.*

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,275% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4. gr.

##### *Rotþróargjald.*

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun fyrir sig:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	13.500
Rotþró 4.001-6.000	15.500
Rotþró 6.001-8.000	17.600
Rotþró 8.001-10.000	21.700
Rotþró > 10.000	2.100 kr. pr. umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.800.

## 5. gr.

*Gjalddagar.*

- a) *Stofngjald fráveitu:* Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) *Fráveitugjald:* Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) *Rotþróargjald:* Gjalddagi rotþróargjalds er við útgáfu reiknings.

## 6. gr.

*Innheimta.*

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1185/2006 sem fjalla um stofngjald holræsa og gjaldskrá fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Árborg frá 3. janúar 2005.

*Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, 28. janúar 2008.*

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2008